

### Reglur varðandi myndatökur og myndbirtingar

- Það að taka ljósmyndir og myndbönd í skólastarfi er hluti af stafrænni skráningu á sögu skólans.
- Þegar nemendur hefja nám við skólann fá foreldrar og forráðamenn eyðublað þar sem þeim er gefinn kostur á að velja hvort þeir leyfi myndatökur og myndbirtingar af börnum sínum. Þar eru þeim kynntar reglur skólans um myndatökur og myndbirtingar.
- Læst myndasvæði á Google er notað til að geyma myndir skólans og reglulega er skipt um lykilorð og starfsmenn Hrafnagilsskóla hafa einir aðgang að þessu svæði.
- Þegar nemendur útskrifast úr skólanum að 10. bekk loknum hafa þeir fengið að gjöf slóð inn á myndasvæði sem geymir valdar ljósmyndir úr skólagöngunni þeirra til tíu ára. Þessar myndir eru dýrmætar minningar um veruna í skólanum.
- Ár hvert kemur ljósmyndari og tekur bekkjarmyndir af nemendum í 1., 5. og 10. bekk. Þessar myndir eru merktar með nöfnum og varðveittar í skólanum. Foreldrum og forráðamönnum gefst einnig kostur á að kaupa eintak af myndunum.
- Þegar starfsfólk tekur myndir í skólastarfi er æskilegt að nota myndavélar eða tæki skólans en leyfilegt er að taka myndir á persónuleg tæki starfsmanna þegar tæki í eigu skólans eru ekki við höndina. Starfsmönnum ber þá að eyða myndum út úr persónulegum tækjum um leið og myndirnar hafa verið vistaðar á myndasvæði skólans.
- Ekki er leyfilegt að birta myndir úr skólastarfi Hrafnagilsskóla á samfélagsmiðlum en birta má hópmyndir úr skólastarfinu á heimasíðu skólans og í fréttabréfum á vegum skólans.